

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 135/1096**  
**komudagur 22.1.2008**



**Til Alþingis**

**Umsögn um frumvörp**

**... um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda**  
**... um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla**


Stjórn Samtaka áhugafólks um skólaþróun fagnar tækifæri til að veita umsögn um frumvörpin. Stjórnarmenn eru sammála um að í heild marki þessi löggjöf mörg jákvæð skref fram á við. Sem dæmi má nefna ákvæði um samrekstur leik- og grunnskóla, foreldraráð við leikskóla, skólaráð við grunnskóla og aukið sjálfstæði framhaldsskólanna til að móta námskrár sínar. Þá eru mikilvæg ný ákvæði um fræðsluskyldu til 18 ára aldurs og um sveigjanleg skil á milli skólastiga.

Stjórnin lýsir sérstökum stuðningi við ákvæði um sprotasjóð skóla, en leggur um leið áherslu á að sjóðnum verði tryggðar fjárveitingar sem dugi til að styðja við veigamikil þróunarverkefni. Því miður hafa þróunarsjóðir skólastiganna til þessa haft yfir mjög takmörkuðu fjármagni á ráða, og styrkir verið allt of litlir.

Efasemdir stjórnarmanna beinast helst að óljósum ákvæðum um framkvæmd ytra mats. Þau ákvæði þarf að skerpa. Þá bendir stjórnin á að það kunnist að hamlar þróun grunnskólustarfs að binda í lög í hvaða greinum og árgöngum samræmd próf séu haldin. Eðlilegra er að fela Námsmatsstofnun, eða öðrum aðila sem ráðherra ákveður, að taka ákvörðun um þetta í samráði við menntamálaráðuneytið.

Reykjavík 18. janúar 2008,

f.h. Samtaka áhugafólks um skólaþróun,

  
Ingvar Sigurgeirsson  
ritari